

# Innmæling á fornleifum vegna breytinga og vegbóta á veginum frá Norðurfirði að Hvalá í Ófeigsfirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.33-17  
Desember 2017

---

|   |                |   |
|---|----------------|---|
|  <b>NÁTTÚRUSTOFA<br/>VESTFJARÐA</b>  |                | Dagsetning 13.12.17   |
|   |                | Dreifing:<br><input type="checkbox"/> Opin<br><input type="checkbox"/> Lokuð til:<br><input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa |
| Skýrsla nr:<br>NV nr. 33-17   | Verknúmer: 420 |   |
| Heiti skýrslu:<br>Innmæling á fornleifum vegna breytinga og vegbóta á veginum frá Norðurfirði að Hvalá í Ófeigsfirði  |                | Blaðsíður: 46   |
|   |                | Upplag:   |
| Höfundur:<br>Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.   |                | Fjöldi korta: 5   |
|   |                | Gerð skýrslu/Verkstig:  |
| Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir   |                | Unnið fyrir: Vesturverk   |
| <b>ÚTDRÁTTUR</b><br><br>Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við breikkun og breytingu á veginum frá Norðurfirði að Hvalá fór Minjastofnun Íslands fram á að fornminjar innan 100 m sitt hvor megin við veginum yrðu mældar upp með nákvæmum staðsetningartækjum. Þessi skýrsla fjallar um innmælinga á þeim minjum sem eru innan 100 m frá miðlínu vegar. |                |   |
| Lykilorð íslensk:<br>Fornleifaskráning. Innmælingar. Vegagerð   |                | Lykilorð ensk:<br>Archeological survey.   |
| Undirskrift verkefnastjóra:   |                | Yfirfarið af:<br>Rúna Þráinsdóttir  |

---

---

## EFNISYFIRLIT

|                            |    |
|----------------------------|----|
| ÚTDRÁTTUR.....             | 2  |
| 1. INNGANGUR .....         | 4  |
| 2. AÐFERÐAFRÆÐI.....       | 4  |
| 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ ..... | 4  |
| 4. Fornleifaskrá .....     | 5  |
| Melar .....                | 5  |
| Eyri.....                  | 5  |
| Ingólfsfjörður .....       | 10 |
| Seljanes .....             | 16 |
| Ófeigsfjörður.....         | 24 |
| 5. NIÐURSTAÐA.....         | 33 |
| .....                      | 38 |
| Heimildaskrá .....         | 44 |

## 1. INNGANGUR

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði að beiðni Vesturverk innmælingu á minjum vegna framkvæmda við breikkun og styrkingu vegs frá Norðurfirði að Hvalá í Ófeigsfirði og á nokkrum stöðum breytingu á vegi. Veglagning þessi tengist virkjunaráformum Hvalárvirkjunar. Í bréfi Minjastofnunar Íslands frá 6. febrúar 2017<sup>1</sup> fer stofnunin fram á að minjar sem eru inna 100 m frá veglínu beggja vegna séu mældar inn og að því verki loknu geti stofnunin lagt til mótvægisáðgerðir. Fornleifastofnun Íslands hafði áður skráð fornleifar í Árneshrepp vegna vinnu við aðalskipulag og þar sem sú vinna hafði þegar verið unnin voru minjar mældar inn með nákvæmum staðsetningartækjum en að öðru leiti stuðst við og vitnað í skýrslur Fornleifastofnunar Íslands SES frá 2003-2005.

Vettvangsrannsókn fór fram dagana 22.-23. júlí 2007 og var gerð af Margrėti Hallmundsdóttur fornleifafræðingi og henni til aðstoðar var Guðmundur Birgir Smárasson. Svæðið sem skráð var náði frá miðjum Meladal og inn að Hvalá í Ófeigsfirði.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Notað var Trimble juno 5 tæki til mælinga á fornminjum inna 100 m sitt hvoru megin við veglínu. Minjarnar voru innmældar og er um 10 cm skekkjumörk á þessu tæki. Kort voru unnin í QGIS. Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Framkvæmdasvæðið náði frá miðjum Meladal niður í Ingólfsfjörð og þaðan framhjá Seljanesi og út að Hvalá í Ófeigsfirði.

---

<sup>1</sup> MÍ201612-0033/6,09/K.M.

## 4. FORNLEIFASKRÁ

### Melar

1904-001

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] : ST-016-013.

**Tegund:** Rúst.


**Hlutverk:** Óþekkt/heytóftir ?

**Staðsetning:** E383374 N616961.

**Lýsing:** Tóftirnar liggja þétt saman og er sú vestari í framhaldi af þeirri eystri og snýr eins, þ.e. austur-vestur. Báðar eru mikið signar, þýfðar og lyngi grónar. Hleðsluhæð veggja í þeim báðum

er um 0,4 m. Eystri tóftin og jafnframt sú stærri er um 7x5 m að stærð. Dyr sjást ekki. Vestari tóftin er um 5x4 m<sup>2</sup> að stærð. Dyr sjást ekki<sup>2</sup>.

**Hættumat:** Lítil hættu. Rústin er 18 m frá veglínu. Æskilegt væri að merkja rústirnar.



Mynd 1. Rústin er ekki í hættu, en æskilegt væri að merkja hana.

### Eyri

Verkefnanúmer 1904-002

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] : ST-021-001.

**Tegund:** Bæjarhóll.

**Hlutverk:** Bústaður/býli.

**Staðsetning:** E380947 N616652

**Lýsing:** Íbúðarhús stendur á bæjarhólnum frá 1929.

**Hættumat:** Hætta. Vegurinn er áformaður ofan við bæjarhólinn, en bæjarhóllinn sjálfur sleppur við rask.



Mynd 2. Útlínur bæjarhóls. Veglínan er merkt með rauðri línu og túngarðurinn er brún lína.

<sup>2</sup> FS221-05022 2004:82



Mynd 3. Bæjarhóll Eyrar og túngarður. Vegurinn mun liggja ofan við þann sem sést á myndinni.

### Verkefnanúmer 1904-003

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] : ST-021-002.

**Tegund:** Garðlag.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Staðsetning:** E 380826- N 616702/E 380931 N 616702

**Lýsing:** Túngarður umhverfis Eyrartún er að mestu úr grjóti nema torfhláðin austurhlíð. Garðurinn er 650 m á lengd og 1 m á breidd.<sup>3</sup>

**Hættumat:** Mikill hætta. Vegur er fyrirhugaður aðeins nokkra metra frá túngarðinum. Túngarðurinn sleppur við rask, en það þarf að merkja vel á meðan á framkvæmdum stendur.



Mynd 4. Túngarðurinn er rauð lína, en vegurinn er suð-austur af heimreiðinni. Túngarðurinn sleppur við rask.

<sup>3</sup> F221-05022 2004:109

**Verkefnanúmer 1904-004**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] : ST-021-005.

**Tegund:** Garðlag.

**Hlutverk:** Varnargarður.

**Staðsetning:** E380757 N616610.

**Lýsing:** Garðurinn var hlaðinn á milli 1945-50 og var til varnar þegar Grundarlækur óx í vatnavöxtum. Garðurinn er hæstur 1,5 m, breidd hans er 1,5 m og lengd 65 m.<sup>4</sup>

**Hættumat:** Enginn hætta, garðlagið er um 60 m frá fyrirhuguðum vegi.



Mynd 5. Varnargarðurinn er merktur með rauðu og er ekki í hættu.

**Verkefnanúmer 1904-005**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] : ST-021-007.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Fjánhús.

**Staðsetning:** E380902 N616595.

**Lýsing:** Grjóthlaðið fjánhús. Fjögur hólf í allt. Garðar eru í tveimur hólfanna og að baki er steinsteypt hlaða og fjárbað. Stærð rústarinnar er 17x12 m<sup>2</sup>, en hæð mest 0,7 m.<sup>5</sup>

**Hættumat:** Rústin er um 30 m frá fyrirhuguðum vegi og er því ekki í hættu.



Mynd 6. Fjánhúsin eru innan túngarðs og vegurinn áformaður utan túngarðs. Húsin eru því ekki í hættu.

<sup>4</sup> F221-05022 2004:110

<sup>5</sup> F221-05022 2004:111



Mynd 7. Fjárhúsin sem eru innan túngarðs á Eyri. Sést í steiptan garð og fjárbað.

### Verkefnanúmer 1904-006

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] : ST-021-017


**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Staðsetning:** E 380912 N 616612.

**Lýsing:** Lítil rúst 6x5 m að stærð og hleðslur hæstar 0,3 m. Hún er opin í NV<sup>6</sup>.

**Hættumat:** Rústin er um 35 m frá fyrirhuguðum vegi og því ekki í mikilli hættu.



Mynd 8. Rústir eru innan túngarðs og vegurinn áformaður utan túngarðs. Húsin eru því ekki í hættu.

<sup>6</sup> FS221-05022:110



**Verkefnanúmer 1904-007**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-021-014

**Tegund:** Lending.

**Hlutverk:** Heimild um lendingu.

**Staðsetning:** E 381021 N616764.

**Hættumat:** Enginn hætta. Er 99 m frá veglínu.

**Verkefnanúmer 1904-008**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-021-003.

**Tegund:** Nátthagi.

**Hlutverk:** Heimild.

**Staðsetning:** E 380655 N 616508.

**Lýsing:** Horfin, en var þar sem stóra síldarverksmiðjan er nú.

**Verkefnanúmer 1904-009**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-021-006.


**Tegund:** Tóft.

**Hlutverk:** Fjánhús.


**Staðsetning:** E 380902 N 616332.

**Lýsing:** Tóftin er að hluta grafin inn í fjallshlíðina og að sögn heimildarmanns er um að ræða fjánhús. Rústin er 7x7m að stærð og sér í leifar eftir timburgafl. Hæð hleðslu er 1 m.

**Hættumat:** Mikil hætta. Rústin er alveg við veginn og verði einhverjar framkvæmdir við veginn skemmist rústin. Hún virðist ekki gömul og er óljóst hvort hún sé reist á eldri minjum. Mótar fyrir einhverri hleðslu aftan við rústina.



Mynd 9. Rústin er alveg við veginn og æskilegt væri að girða hana af og láta vegbætur og breikkun koma sjávarmegin við veginn.

**Verkefnanúmer 1904-010****Tegund:** Hleðsla.**Hlutverk:** Grunnur af húsi.**Lýsing:** Um 68 m vestur af rúst [009] upp á hæð sér móta fyrir grunnni af húsi, sem virðist ekki vera gamall. Grunnurinn er 10x10 m.**Staðsetning:** E 380346 N 616284.**Hættumat:** Ekki mikil hættu þar sem grunnurinn er uppi á hæð.**Ingólfsfjörður****Verkefnanúmer 1904-011****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-022-002**Tegund:** Rúst.**Hlutverk:** Sjóbúð.**Staðsetning:** E 379413 N 615693.**Lýsing:** Rústin er 6x5 m og með dyr í vestur. Rústin var kölluð Sjávarhús og stendur alveg fremst á árbakka Seljá<sup>7</sup>, fast við veginn.**Hættumat:** Mikil hættu. Þar sem rústin stendur alveg fast við veginn er hún í hættu við framkvæmdir og þyrfti að girða hana af og merkja og hnika til vegi.**Verkefnanúmer 1904-012****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-033-16**Tegund:** Náma.

Mynd 10. Rústin er alveg við veginn. Það þarf að girða hana af og hnika vegi frá henni.

<sup>7</sup> F221-05022 2004:116

**Hlutverk:** Mógrafir.

**Staðsetning:** E 379460N 615664.

**Lýsing:** Á stalli í hlíðinni, 80x30 m stóru svæði ofan við kletta, hefur verið tekinn mór<sup>8</sup>.

**Hættumat:** Enginn hættu. Mógrafirnar eru á háum stalli ofan við veg.

### Verkefnanúmer 1904-013

**Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] :** ST-022-019

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Beitarhús.

**Lýsing:** Rústin er 10x6,5 m og er eitt hólf með hlöðnum garða í miðju. Hleðslur hæstar 0,50 m.<sup>9</sup>

**Staðsetning:** E 379326 N 615650.

**Hættumat:** Lítil hættu þar sem rústin er töluvert frá vegi.



Mynd 11. Rústin er töluvert frá vegi.

<sup>8</sup> F221-05022 2004:117

<sup>9</sup> F221-05022 2004:118

**Verkefnanúmer 1904-014**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST022-001.

**Tegund:** Bæjarhóll.

**Hlutverk:** Bústaður/ býli.

**Staðsetning:** E 378795 N 616116.

**Lýsing:** Bæjarhóllinn er greinilegur og vel gróin. Núverandi íbúðarhús stendur nokkra metra frá þeim stað þar sem gamli bærinn stóð áður.

**Hættumat:** Lítil hættu þar sem aðeins er áætlaður ofnafburður í núverandi veg á þessu svæði.



Mynd 12. Fjánhúshóllinn er ekki í hættu vegna vegbóta.

**Verkefnanúmer 1904-015**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-022-014.

**Tegund:** Heimild/Rústahóll.

**Hlutverk:** Fjánhús.

**Staðsetning:** E 378879N 616070

**Lýsing:** Fjánhúshóllinn er greinilegur þó ekki sjáist á honum mannvirki lengur<sup>10</sup>.

**Hættumat:** Engin hættu vegna fjarlægðar frá vegi.



Mynd 13. Bæjarhóll Ingólfsfjarðar. Vegurinn fylgir núverandi vegi framhjá bæjarhólnum.

<sup>10</sup> F221-05022 2004:118



*Mynd 14. Fjárhúshóll er fyrir miðri mynd á milli mannsins og síðustu fjárhúsanna sem enn standa uppi.*

**Verkefnanúmer 1904-016**

**Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST 022-015.

**Tegund:** Heimild.

**Hlutverk:** Kálgarður.

**Staðsetning:** E 378894 N 616210.

**Lýsing:** Horfið.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Verkefnanúmer 1904-017**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-022-005.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Naust.

**Staðsetning:** E 378925 N 616254.

**Lýsing:** Rústin er 10x6 m. Hæstar eru hleðslurnar 1,1 m. Rústin er tvö hólf og snýr út á fjörðinn.

**Hættumat:** Mikil hætta. Alveg við veginn og verður fyrir raski við allar vegbætur. Þarf að girða, merkja og breikka veg fjörumegin.



Mynd 15. Naustið er alveg við veginn og nauðsynlegt er að girða það af á meðan á framkvæmdum stendur.

**Verkefnanúmer 1904-018**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-022 -010.

**Tegund:** Lending.

**Hlutverk:** Lending.

**Staðsetning:** E 378948 N 616251.

**Lýsing:** Rudd vör sést á loftmyndum framan við naustið [017]. Spil og 5 m langt bólverk er í fjörinni við lendinguna. Þessar minjar eru um 13 m frá vegi.

**Hættumat:** Lítil hætta þar sem aðeins á að setja ofnaþburð á núverandi veg á þessu svæði.

**Verkefnanúmer 1904-019**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-020.

**Tegund:** Garðlag.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Staðsetning:** E 378890 N 616263.



Mynd 16. Túngarðurinn er rauður á myndinni.

**Lýsing:** Ofan við naustið er 680 m langur túngarður. Hann er að hluta aðeins úr grjóti, en suður- og vesturhlíð úr torfi og grjóti. Hæstur er hann 1,3 m og breidd hans er frá 0,5- 1 m<sup>11</sup>.

**Hættumat:** Engin hætta

### Verkefnanúmer 1904-020

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-022-011.

**Tegund:** Gata.

**Hlutverk:** Leið.

**Staðsetning:** E 379040 N 616379.

**Lýsing:** Vegurinn til Ófeigsfjarðar lá upp vikið milli bólhjallanna og síðan sneiðingar upp á Brekkubrún. Þar fyrir ofan er Brekkuskarð. Vegurinn hét Brekkuvegur í daglegu tali, eða Brekkan, en hér fullu nafni Ingólfsfjarðarbrekka. Þetta þótti illur vegur, segir í örnefnaskrá. Það má sjá móta óskýrt fyrir slóða í hlíðinni.

**Hættumat:** Lítil hætta þar sem aðeins er áætlaður ofnaíburður á núverandi veg á þessu svæði.

### Verkefnanúmer 1904-021


Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST022-017.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Naust.

**Staðsetning:** E 379157 N 616522.

**Lýsing:** Rústin er tvö hólf og er 8x4 m og hleðsluhæð mest 0,9 m. Aftan við rústina er stallur sem gæti hafa verið undirstaða fyrir spil<sup>12</sup>.



Mynd 17. Er mjög nálægt vegi, þarf að merkja.

**Hættumat:** Mikil hætta. Er alveg við veginn og gæti orðið fyrir áhrifum vegna vegbóta. Þarf að merkja.

<sup>11</sup> F221-05022 2004:118

<sup>12</sup> FS221-05022 2004:118

## Seljanes

### Verkefnanúmer 1904-022

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-023-021.

**Tegund:** Hleðsla.

**Hlutverk:** Heytóft.

**Staðsetning:** E 380859 N 619186.

**Lýsing:** Heytóft sem er 7x4 m að stærð. Veggir 0,2-0,3 m.<sup>13</sup>

**Hættumat:** Engin hætta, aðeins er fyrirhugaður ofanburður á núverandi veg.



Mynd 18. Rauður hringur er utan um heytóftina sem ekki er í neinni hættu.

### Verkefnanúmer 1904-023

**Tegund:** Grunnur.

**Hlutverk:** Síldarsöltunarstöð/Valleyrarstöð.

**Staðsetning:** E 380876 N 619169.

**Lýsing:** Um 13 metra frá heytóftinni [022] er grunnur sem saman stendur af 12 steiptum stöplum og er stærð grunnsins 11x8 m. Þetta er grunnurinn af síldarsöltunarstöð sem bar nafnið Valleyrarstöð og var starfrækt á árunum 1916-1919.<sup>14</sup>

**Hættumat:** Lítil hætta, aðeins er fyrirhugaður ofanburður á núverandi veg. Þarf að merkja.



Mynd 19. Merkja þarf grunninn sem merktur er með rauðum hring.

### Verkefnanúmer 1904-024

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-009

**Tegund:** Heimild.

**Hlutverk:** Álagablettur.

**Staðsetning:** E 380897 N 619208.

<sup>13</sup> FS260-02053 2005:139

<sup>14</sup> FS260-02053 2005:139



**Lýsing:** Tjörn sem er 8x8 fermetrar og við hana er tengd þjóðsaga. Rás hefur verið grafin úr tjörninni mögulega til að þurrka hana upp<sup>15</sup>.

**Hættumat:** Engin hætta, aðeins er fyrirhugaður ofanburður á núverandi veg.

## Verkefnanúmer 1904-025

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-023-026

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Beitarhús.

**Staðsetning:** E 380840 N 619510.

**Lýsing:** Í skýrslu Fornleifastofnunar SES segir :

„Tvær rústir af mjög unglefum beitarhúsum eru á gróinni eyri, austan vegarslóða um Ingólfsfjörð, 2,2 km SA af bæ 001. Í örnefnalýsingu segir: "Aðeins [en Breiðavík] er Ytri Byrgislækur og þá Byrgisgrundir, sem beitarhús voru á. Guðjón [Valgeirsson f. 1903] byggði þar hús, en áður voru þar önnur eldri." Í annarri lýsingu segir: "Þar fyrir innan [Breiðuvík] heitir Byrgi og Byrgistangi; er það fjárbyrgi gamalt úr grjóti, og nú lítt notað lengur." Slétt og gróin grund. Bæði húsin hafa snúið dyrum niður að fjörunni, í austur. Sjávarkampurinn er steinsnar frá dyrum og fé hefur átt greiða leið að beit í fjörunni. Syðri rústin er 11 x 10 m stór frá norðri til suðurs. Í henni sjást tveir grjóthlaðnir garðar og eru þeir hlaðnir óvenju hátt upp eða 1,1-1,2 m. Bendir það til að grindur hafi verið í húsunum og gólfíð því áður verið hærra. Timburbrak er töluvert innan veggja sem eru grjóthlaðnir. Á norðurvegg eru leifar af torfhleðslu efst og nær veggurinn þar allt að 1,5 m hæð. Húsin eru niðurgrafin um 40-50 cm. Steyptu plata er undir syðri útvegg og einnig eru leifar af þunnu (10 cm) steyptu skilrúmi eftir húsinu endilöngu, í miðju þess, en það hefur væntanlega verið undir grindum. Utan við suðvesturhorn hússins, skammt frá vegarslóðanum inn Ingólfsfjörð, eru leifar af steyptu húsi. Veggir þess standa enn vel. Það er um 4 x 3 m stórt frá norðri til suðurs, niðurgrafið. Líklega hefur verið geymt súrhey þar<sup>16</sup>." innar



Mynd 20. Beitarhúsin er mjög nærri vegi og þarf að merkja og passa að þau verði ekki fyrir skemmdum.

**Hættumat:** Mikill hætta. Beitarhúsin eru 4 m frá vegi. Vegskeringar eru þó hinum megin við. Mjög nauðsynlegt að merkja mjög vel við framkvæmdir.

<sup>15</sup> FS260-02053 2005:136

<sup>16</sup> FS260-02053 2005:140



Mynd 21. Á myndinni sést í bæði beitarhúsin [025] og [026]

## Verkefnanúmer 1904-026

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-023-026.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Beitarhús.

**Staðsetning:** E 380844 N 619533.

**Lýsing:** Í skýrslu Fornleifastofnunar SES segir : „Hin tóftin er 12 m norður af þeirri syðri. Hún er af einföldu garðahúsi sem snýr ASA-VNV og er alls 13 x 7 m<sup>2</sup> stórt. Krær eru óvenju rúmgóðar.

Tóftin er grónari en sú fyrrnefnda, þó stendur nyrðri útveggur vel

og sjást allt að 8 umför af grjóthleðslum í honum innanverðum, hæð 1,5 m. Líklega eru þetta eldri húsin sem getið er um í örnefnalýsingu. Um 25 m austan við húsin og austanvegar slóðans eru leifar af einfaldri grjóthleðslu sem sést á um 20 m kafla frá norðri til suðurs. Líklega eru það undirstöður undan girðingu<sup>17</sup>.”

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar. Þarf að merkja.



Mynd 22. Húsin[026] eru merkt með rauðu.

<sup>17</sup> FS260-02053 2005:140

**Verkefnanúmer 1904-027**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-023-023.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Beitarhús.

**Staðsetning:** E 840799 N 61960.3

**Lýsing:** Beitarhúsið er 11x6 m og hefur að hluta verið niðurgrafið.

Hæð veggja er mest 0,5 m. Sér í óljósan garð í miðju rústarinnar.

**Hættumat:** Mikill hættu. Fyrirhugaður vegur og skeringar fara í rústina.



Mynd 23. Girða þarf rústina af og merkja og breikka veg sjávarmegin.

**Verkefnanúmer 1904-028**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-023-018.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Naust.

**Staðsetning:** E 380734 N 619715.

**Lýsing:** Naustið er niðurgrafið og er 7x1 m<sup>2</sup> að stærð<sup>18</sup>. Til hliðar eru hleðslur sem snúa í norður-suður. Ekki er alveg víst hvort þetta séu minjar sem tengjast. Sú rúst er 16 m á lengd og 5 m á breidd. Gæti verið náttúrulegt.

**Hættumat:** Mikil hættu. Endinn á naustinu er 3 m frá núverandi vegi. Þarf að merkja.



Mynd 24. Naustið er næst veginum o þarf að merkja. Ekki var alveg ljóst hvort stærra rýmið sé rúst eða eitthvað náttúrulegt.

<sup>18</sup> FS260-02053 2005:138

**Verkefnanúmer 1904-029****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-023-008.**Tegund:** Þúst.**Hlutverk:** Óþekkt.**Staðsetning:** E 380681 N 619792.**Lýsing:** Þúst sem stendur nálægt veginum. Þústin er um 20 m að lengd og 10 á breidd og er mjög þýfð og gróin. Má sjá móta fyrir dæld í henni miðri.**Hættumat:** Mikil hætta. Er þrjá metra frá vegi og þarf að merkja. Skeringar virðast ganga inn á rústabunguna.

Mynd 25. Rústabunga sem þarf að merkja og mögulega breyta skeringum.

**Verkefnanúmer 1904-030****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-023-020.**Tegund:** Rúst.**Hlutverk:** Rétt.**Staðsetning:** E380319 N620554.**Lýsing:** Í skýrslu Fornleifastofnunar segir: „Út frá norðurenda vestari klettsins hefur verið hlaðið til austurs í boga. Það er um 5 m löng grjóthleðsla sem er hrúin og gróin að mestu, allt að 0,3 m há. Þá er lítið grjóthlaðið byrgi, 2x2 m<sup>2</sup> stórt hlaðið upp við eystri klettinn, í skorunni á milli þeirra. Það er algróið og hleðslur mest um 0,3 m háar. Ekki sjást dyr

á því. Milli klettanna að sunnanverðu er op en þar er reglulegur kantur sem gætu verið leifar af hleðslu.

Hugsanlega hefur verið stíað í tóftinni, litla hólfið gæti verið lambakró. Undir eystri klettinum að sunnanverðu mótar fyrir reglulegum niðurgrefti, um 5x2 m<sup>2</sup> stórum frá austri til vesturs<sup>19</sup>.”**Hættumat:** Hætta. Þarf að merkja á meðan framkvæmdir við standa yfir.

Mynd 26. Rústin er mjög nærri vegi og þarf að merkja hana. Hluti af mælingunni er kletturinn sem rústin stendur við.

<sup>19</sup> FS260-02053 2005:138-139

**Verkefnanúmer 1904-031**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-023-022.


**Tegund:** Hleðsla.

**Hlutverk:** Óþekkt/skotbyrgi ?

**Staðsetning:** E 380347 N 620589.

**Lýsing:** Hlaðið hefur verið milli tveggja kletta á tanga. Hleðslan er 7 m að lengd og 1m á hæð. Tilgangur óljós.

**Hættumat:** Engin hættu.



Mynd 27. Hleðslan úti á tanganum er ekki í neinni hættu.

**Verkefnanúmer 1904-032**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-023-007.


**Tegund:** Heimild.

**Hlutverk:** Dys.

**Staðsetning:** E 380279N 620611.

**Lýsing:** Heimild um dys. Þar átti að hafa verið dysjað fólk frá Miðhúsum í Munaðarneslandi sem fórst í snjóflóði við svokallað Dysberg. Ekkert bendir til þess að dysin sé manngerð, heldur virðist vera hrún út klettinum. Kross hefur verið settur ofan í grjótið<sup>20</sup>.

**Hættumat:** Engin hættu.



Mynd 28. Hin meinta dys sem virðist vera náttúruleg. Krossi hefur verið komið fyrir á henni.

<sup>20</sup> FS260-02053 2005:139

**Verkefnanúmer 1904-033****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST023-006.**Tegund:** Rúst.**Hlutverk:** Stekkur.**Staðsetning:** E379879 N 621080.

**Lýsing:** Í örnefnaskrá segir „Nokkurn spöl innan við tún er Stekkjarnes. Á því er klettarani, sem nær upp fyrir það, Stekkjarnesklettur. Innan við nesið er Stekkjarvík. Í henni var Stekkur með kró, notaður við fráfarur-10 mínútna gang frá bæ. Seinast var fært frá 1916 á Seljanesi<sup>21</sup>“

Hleðslan er um 6 m löng frá austri til vesturs, úr grjóti, en tóftin er um 4x6 m<sup>2</sup> stór, grjóthlaðin en að mestu gróin, frá austri til vesturs fast norðan við hana. Staflur af rekaviði er innan við hlaðna vegginn og sunnan við staflann er grjót- og moldarhrúga, líklega leifar stekkarveggjar. Innst eða syðst í hvamminum, tæpa 20 m suður af hlaðna veggnum, er óregluleg, stök grjóthleðsla.<sup>22</sup>

**Hættumat:** Engin hættu. Vegurinn er fyrirhugaður á nýjum stað ofan við stekkin.



Mynd 29. Stekkurinn hefur orðið fyrir miklum skemmdum en er ekki í hættu vegna veglagningar.



Mynd 30. Stekkurinn er fullur af rekaviði.

<sup>21</sup> Örnefnaskrá Seljanes í Árneshrepp

<sup>22</sup> FS260-02053 2005:133

**Verkefnanúmer 1904-034****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-002.**Tegund:** Eyktarmark/heimild.**Hlutverk:** Varða.**Staðsetning:** E379229 N620866.**Lýsing:** Varða sem kölluð var Nónvarða. Hún var notuð sem eyktarmark frá Seljanesi. Varðan er horfin.**Hættumat:** Engin hættu.**Verkefnanúmer 1904-035****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-023-004.**Tegund:** Hleðsla.**Hlutverk:** Rétt.**Staðsetning:** E 378710 N 620279.**Lýsing:** Í skýrslu Fornleifastofnunar er eftirfarandi lýsing: „Sjórinn hefur sorfið þrönga og djúpa skoru inn í klettana. Vestan við hana er tvískipt vík, lítil, en upp af henni grösug en stutt brekka upp að íbúðarhúsinu.

Skoran er í sjálfu sér dagott aðhald, aðeins hefur þurft að hlaða fyrir hana á tveimur stöðum. Alls er skoran um 40 m löng og 6 m breið frá norðri til suðurs en full af stórgrýti nyrst, við sjóinn. Þar markast hún af háum klettaveggjum, meira en 2 m háum. Veggirnir fara lækkanði til suðurs og þar hefur verið hlaðið uppi á þeim bæði vestan við skoruna og suðaustan. Vesturhleðslan er um 10 m löng en sú eystri er

L-laga og markar SA-hornið, alls um 7 x 7 m. Í hleðslum eru allt að 6-7 umför grjóts, hæð allt að 0,8 m. Hleðslur eru alveg ógrónar. Rekið hefur verið inn í réttina að suðvestan, gegnum náttúrulegt bil milli kletta.“<sup>23</sup>

**Hættumat:** Engin hættu. Réttin er 100 m frá fyrirhuguðum vegbótum og í engri hættu.

---

<sup>23</sup> FS260-02053 2005:134

## Ófeigsfjörður

### Verkefnanúmer 1904-036

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-005.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Stekkur.

**Staðsetning:** E 378194 N619762

**Lýsing:** Rústin er 9 m á breidd og 6 m að lengd og hefur tvö hólf. Hún er byggð við klöpp sem myndar hluta af vegg rústarinnar<sup>24</sup>.

**Hættumat:** Lítil Hætta. Vegurinn verður 40 m ofan við rústina. Merkja þarf rústina á meðan á framkvæmdum stendur.



Mynd 31. Stekkurinn er ekki í hættu þar sem vegurinn er fjarri.

### Verkefnanúmer 1904-037

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-011.

**Tegund:** Rústabunga/fjánhús.

**Hlutverk:** Fjánhús.

**Staðsetning:** E 377986 N 619553.

**Lýsing:** Utan til við Óskamel er lækur, Óskalækur. Utan við hann stóðu fjánhús, en Óskastaðir voru heiman til við lækinn. „Tóftunum var breytt í matjurtagarð“, segir í örnefnaskrá. Grasi gróinn melur og örlítill kúfur er á melnum. Smáar grjótnibbur standa upp úr sverðinum og er gras heldur dekkra en umhverfis melinn<sup>25</sup>.

**Hættumat:** Hætta. Vegurinn rétt strýkur ystu útlínu rústabungunnar, því er nóg að merkja hana.



Mynd 32. Veglínan er rétt við útmörk rústabungunnar

<sup>24</sup> FS260-02053 2005:143

<sup>25</sup> FS260-02053 2005:144




**Verkefnanúmer 1904-038****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-024-010.**Tegund:** Bæjarhóll.**Hlutverk:** Bústaður/ býli.**Staðsetning:** E 377839 N 619568.

**Lýsing:** í Jarðabók Árna og Páls segir: „Nálægt bænum eru tóftir, kallaðar Óskastader. Hvort þar hefur verið býli vita menn ekki. Kann ómögulegt að byggjast<sup>26</sup>.“ Þar sem bærinn Óskastaðir eiga að hafa staðið er líttill, lágur hóll sem vel gæti verið bæjarhóll og ber dekkri lit eins og vill verða með

bæjarhóla. Ekki sjást rústir, en einstaka steinn stingst upp úr jarðvegi sem gæti verið merki um byggingar undir sverði. Hóllinn stendur við læk sem styrkir líkindi þess að þarna hafi fyrrum staðið kot.

**Hættumat:** Hætta. Vegurinn rétt strýkur útmörk bæjarhólsins, nauðsynlegt er að girða hann meðan á framkvæmdum stendur.



Mynd 33. Bæjarhóllinn er merktur með rauðum hring.

hafa

**Verkefnanúmer 1904-039****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-024-024.**Tegund:** Hleðslur.**Hlutverk:** Nátthagi.**Staðsetning:** E 377564 N616597.

**Lýsing:** Nátthaginn er afmarkaður með garðhleðslum á þrjá vegu, en hjallar afmarka að sunnanverðu. Alls er svæðið um 50x60 m<sup>2</sup> stórt. Að vestan gengur torfgarður til suðurs frá suðurenda íshústóftarinnar. 20 m breitt op er norðan við miðbik vesturhliðar. Norðurhlið er að mestu grjóthlaðin,

austurhlið úr grjóti norðan til en torfi þegar sunnar dregur. Grjóthleðslan er víðast hrunin en torfhleðslan stæðilegri, allt að tæpum 1 m á hæð. Óskatjörn er við suðausturenda nátthagans og rennur lækur úr henni



Mynd 34. Hér sést íshúsið og nátthaginn. Hann verður ekki fyrir áhrifum þótt vegurinn verði mjög nálægt.

<sup>26</sup> Jarðabók Árna og Páls 1940:325

í gegnum hann, út í gegnum norðurhlið. Torfgarður sem skiptir nátthagnum í tvennt, á upptök sín um 20 m austan við íshústóftina [040] og liggur skáhallt yfir nátthagann til norðausturs, alls um 60-70 m á lengd<sup>27</sup>

**Hættumat:** Hætta. Vegurinn er fyrirhugaður milli nátthagana og túngarðs. Mikilvægt er að merkja minjar.



Mynd 35. Á myndinni sést nátthaginn [039] og íshúsið [040]. Vegurinn kemur á slétta svæðið við hlið nátthagans.

<sup>27</sup> FS260-02053 2005:148

**Verkefnanúmer 1904-040**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-056.

**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Íshús .

**Staðsetning:** E 377579 N 619539.

**Lýsing:** Tóft af íshúsi er sunnan við Nýju-Nátthaga [039]. Tóftin er 7x9 m<sup>2</sup> stór frá norðri til suðurs, dyr snúa mót norðri. Veggir eru þykkir, allt að 3 m, algrónir og er bæði torf og grjót í þeim. Enn er töluvert eftir af burðarvirki hússins og leifar af stoðum meðfram útveggjum. Húsið er talið byggt um 1937 og er því ekki fornleifar í lagalegum skilningi, en byggt skv. gamalli hefð.



Mynd 36. Íshúsið við Nátthagann.

**Verkefnanúmer 1904-041**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-060.


**Tegund:** Rúst.

**Hlutverk:** Heytóft.

**Staðsetning:** E 377535 N 619568.

**Lýsing:** Rústin er 5x8 m<sup>2</sup> og er sokkin að hluta. Ekki sést í grjót.

**Hættumat:** Mikil hætta, þarf að merkja.



Mynd 37. Leifar af heytóft.

**Verkefnanúmer 1904-042****Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] : ST-024-022****Tegund:** Rúst**Hlutverk:** Fjánhús**Staðsetning:** E 377519 N 619623

**Lýsing:** Í skýrslu Fornleifastofnunar segir „Fjánhús sem nefndust Heimstuhús, Fremstuhús, Miðhús og Efstuhús. Tóftirnar eru umfangsmiklar, alls um 20x30 m<sup>2</sup> frá austri til vesturs.



Mynd 38. Fjánhúsið.

Veggir ná mest um 2,4 m hæð, hlaðnir úr torfi og grjóti. Vestast er hólfr sem er 7x19 m<sup>2</sup> stórt frá norðri til suðurs, opið í suður. Í norðurenda, sem er dýpri en sá syðri, er hlaðinn bálkur sem líkist garða. Dyr hafa verið nyrst á vesturvegg. Austan við er annað hólfr sem er næstum nákvæmlega jafnlangt og breitt, einnig opið í suður, en í því sést enginn garði. Frá norðurenda austurlangveggjar liggur vegghleðsla 15 m til austurs, en frá suðurendanum samsíða hleðsla um 8 m til suðurs. 2-3 m sunnan við nyrðri vegginn er garði sem liggur frá austri til vesturs, hefur verið rúmfr 15 m á lengd. Austast í honum er steipt kindabað, en vesturendinn hverfur undir töluvert brak af bárujárni og timbri. 2-3 m sunnan við garðann sjást leifar af litlu fjárhúsi, um 7x8 m<sup>2</sup> stóru frá austri til vesturs með einum garða. Í þessum hluta húsanna hlýtur að hafa verið töluvert timburverk sem nú er með öllu horfið<sup>28</sup>.

**Hættumat:** Verður mjög nærri fyrirhuguðum vegi. Þarf að merkja.



Mynd 39. Ljósmynd af fjárhúsunum tekin úr dróna. Ljósfr. MHH

<sup>28</sup> FS260-02053 2005:147

**Verkefnanúmer 1904-043**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-055.

**Tegund:** Þúst.

**Hlutverk:** Býli.

**Staðsetning:** E 377462 N 619575

**Lýsing:** Á þessum hól var smábýli og má sjá þar nokkur hús á túnakorti frá 1918. Ekki sjást lengur nein merki um byggingar og hefur svæðið líklega verið sléttað. Þó má greina vel hólinn sem byggingarnar hafa staðið á sem stendur iðjagræn upp úr umhverfinu. Hóllinn var allur mældur inn.



Mynd 40. Hringurinn afmarkar svæðið sem kallast Gíslatún. Vegurinn fer þar yfir.

**Hættumat:** Mikil hætta. Vegur er fyrirhugaður yfir hólinn. Það verður að gera könnunarskurði ef vegur verður ekki færður af hólnum.

**Verkefnanúmer 1904-044**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-057.

**Tegund:** Garðlag.

**Hlutverk:** Vörslugarður.

**Staðsetning:** E 377570 N 619559

Lýsing: Garðlag 20 m á lengd sem liggur frá íshúsinu og niður á túnið og upp í klettana.

**Hættumat:** Engin hætta.



Mynd 41. Vörslugarður frá íshúsinu og upp að klettum.

**Verkefnanúmer 1904-045**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-021.

**Tegund:** Heimild.

**Hlutverk:** Nátthagi.

**Staðsetning:** E 377570N 619650.

**Lýsing:** Gamli nátthagi er það svæði kallað þar sem nú er salernisaðstaða og tjaldstæði í Ófeigsfirði. Þar ekki hægt að greina sérstakan nátthaga, heldur hefur hann verið hluti af túninu þarna í horni túnsins. Mögulega einhverjar hleðslur úr gamla nátthagnum eru horfnar. Nú er þarna hluti af túngarði utan um túnið í Ófeigsfirði.

**Hættumat:** Hætta, veginn á að leggja rétt við túngarðinn. Þetta þarf að merkja.



Mynd 42. Svæðið sem kallast gamli nátthagi. Vegurinn kemur þar á milli.

**Verkefnanúmer 1904-046**

Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024-058.

**Tegund:** Heimild.

**Hlutverk:** Bænhús.

**Staðsetning:** E 377489 N 619675.

**Lýsing:** Við hlið bæjarhólsins í Ófeigsfirði sem er grösugur hóll, er svæði sem kallað er bænhóll, en í raun var bæjarhóllinn sjálfur kallaður bænhóll. Austan við bæjarhúsin er svæði þar sem áður var mjög þýft og minntu þúfurnar á leiði. Þetta svæði var sléttað. Örnefnið og þúfurnar sem líst var og sléttaðar voru vekja sterkan grun um að þarna hafi áður staðið bænhús. Svæðið var mælt inn. Enn sjást umræddar beðasléttur<sup>29</sup>.

**Hættumat:** Engin hætta, er langt frá vegi.



Mynd 43. Bænhóll er, samkvæmt lýsingu, svæðið sem afmarkað er með fjólubláum lit innan bæjarhólsins.

<sup>29</sup> FS260-02053 2005:154

**Verkefnanúmer 1904-047****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-024-001.**Tegund:** Bæjarhóll.**Hlutverk:** Býli.**Staðsetning:** E 377455 N 619693.

**Lýsing:** Hóllinn er aflangur og liggur norður-suður, en ljóst er að hann er að einhverju leyti náttúrulegur, enda gægjast klettanibbur upp úr honum austarlega fyrir miðju sem og nyrst. Alls er hann um 105 m langur og 40-50 m breiður, en ekki er fyllilega ljóst hvar gamli bærinn stóð, enda sjást hans engin merki. Syðsti hluti hans virðist líklegastur til að vera upphlaðinn að einhverju leyti, þar er gróska mest og hvergi sést í kletta. Suðvestast á hólnum er lítil tóft, hugsanlega súrheystóft. Hún er sporöskjulaga, um 5x5 m<sup>2</sup> stór og algróin. Innan við 10 m suður af henni er kálgarður, tæplega 10x10 m<sup>2</sup> stór. Umhverfis hann er hrörleg girðing úr rekaviði og vír. Íbúðarhúsið stendur um 20 m suður af suðurenda hólsins, milli hans og hússins rennur bæjarlækur<sup>30</sup>.

**Hættumat:** Engin hætta.

Mynd 44. Bæjarhóllinn er afmarkaður með rauðum hring.

**Verkefnanúmer 1904-048****Númer í skýrslu FSÍ** [FS221-05022] ST-024-016.**Tegund:** Rúst.**Hlutverk:** Hesthús.**Staðsetning:** E 377338 N 619670.

**Lýsing:** Rústin stendur alveg við túngarðinn sem myndar eina hlið hússins. Rústin er 6x5m<sup>2</sup> að stærð og veggir hæstir um 0,5 m<sup>31</sup>.



Mynd 45. Hesthúsið er byggt við túngarðinn sem myndar einn vegg.

<sup>30</sup> FS260-02053 2005:141

<sup>31</sup> FS260-02053 2005:145

**Hættumat:** Lítil hættu.

**Verkefnanúmer 1904-049**

**Númer í skýrslu FSÍ [FS221-05022] ST-024- 084.**

**Tegund:** Garðlag.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Staðsetning:** E 377465 N 619541.

**Lýsing:** Túngarður er um Ófeigsfjarðartún að norðan og vestan. Garðurinn liggur utan um grösugt tún. Ætla má að garðurinn sé upp undir 500 m langur ef allt er talið. Hann er bæði hlaðinn úr torfi og grjóti, allt eftir því hvaða efni hefur verið nærtækast. Hleðslur hæstar um 1,2 m. Garðurinn sést ekki alls staðar, en var teiknaður upp eins og hann var. Þar sem vegurinn á að fara í gegn (sjá rauðan hring á mynd 45), þar er garðurinn horfinn, þó að hann hafi verið teiknaður inn á myndina.

**Hættumat:** Hættu.



Mynd 46. Litli guli hringurinn sýnir hvar vegurinn á að koma í gegnum túngarðinn sem ekki er lengur til staðar á þessu svæði og því veldur vegurinn engum skemmdum á honum.



## 5. NIÐURSTAÐA

Allar minjar sem eru 100 metra frá vegi eða nær voru mældar upp samkvæmt tilmælum Minjastofnunar. Árneshreppur hafði áður verið skráður svokallaðri aðalskráningu sem felur í sér skráningu á vettvangi og var stuðst við þær skýrslur í gerð þessarar skýrslu um uppmælingarnar. Þegar veglína er sett inn á kort með uppmælingum á minjum sést að nýi vegurinn á oft að liggja mjög nærri minjum, rétt eins og núverandi vegur, enda fylgir veglínan nýja að stærstum hluta þeim vegi sem nú liggur inn í Ófeigsfjörð. Núverandi vegur er í raun mjór slóði og illfær litlum bílum, en við framkvæmdirnar verður vegurinn breikkaður og bættur og á nokkrum stöðum verður veglínu breytt.

Lagt er til að á þeim stöðum sem minjar eru alveg niðri við veg verði þær girtar af á meðan framkvæmdum stendur og vegi hnikað til, til að forða minjum frá skemmdum.

Í heimatúni Ófeigsfjarðar liggur vegurinn á milli túngarðs og Nýju náttþaga og framhjá fjárhúsrústum, en lendir svo inni á svæði sem nefnist Gíslatún, en þar var smábýli, og á túnakorti frá árinu 1917 voru þar fjögur hús eða tóftir. Mikilvægt er að gera könnunarskurði þar til þess að kanna hvor minjar leynist undir sverði sjá mynd [48]. Með því að girða af, merkja og hnika aðeins til vegi við framkvæmdir er hægt að komast hjá því að minjar skemmist. Verði veglínu hnikað til vega Gíslatúns er möguleiki að aðrar minjar skemmist í staðinn. Könnunarskurðir í leið vegarins um túnið væru því æskilegir.

Ef fornleifafræðingur merkir minjar og girðir af fyrir framkvæmdir og að framkvæmdaaðilar hniki aðeins til vegi á þeim stöðum sem þess er þörf, er hægt að komast hjá raski á minjum við framkvæmdir.

Vakin skal athygli á því að við framkvæmdir geta komið fram minjar sem ekki var vitað um undir sverði eða yfirsást við rannsóknir. Þá ber að stöðva framkvæmdir og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.



*Mynd 47. Gíslatún er merkt með rauðum hring. Þarna voru nokkur hús. Ljósmynd MHH.*



Mynd 48. Rauð lína sýnir hvar vegurinn verður lagður og fer á milli þar sem garðlög eru þegar rofin og framhjá minjum. Ljósmynd MHH.



Mynd 49. Á myndinni hefur Gíslatún verði mælt inn og fjólubláa línan í miðju sýnir miðlínu vegar og hvernig vegurinn liggur yfir lágan hól sem myndar Gíslatún sem er blár flekkur á myndinni.

## 1. Tafla 1.


| Númer    | Gamalt númer | Jörð           | Tegund          | Hættumat     | Austur | Norður | Fjarlægð frá vegi | Tillaga að mótvægisáðgerðum                      |
|----------|--------------|----------------|-----------------|--------------|--------|--------|-------------------|--|
| 1904-001 | ST-016-013   | Melar          | Rúst            | Lítill hættu | 383374 | 616961 | 23 m              | Merkja   |
| 1904-002 | ST-021-001   | Eyri           | Bæjarhóll       | Mikil hættu  | 380947 | 616652 | 27 m              | Merkja   |
| 1904-003 | ST-021-002   | Eyri           | Garðlag         | Mikil hættu  | 380826 | 616702 | 10 m              | Merkja túngarðinn þar sem hann er næst nýja vegi |
| 1904-004 | ST-021-005   | Eyri           | Garðlag         | Lítill hættu | 380757 | 616610 | 57 m              | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-005 | ST-021-007   | Eyri           | Rúst            | Lítill hættu | 380902 | 616595 | 24 m              | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-006 | ST-021-017   | Eyri           | Rúst            | Lítill hættu | 380912 | 616612 | 37m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-007 | ST-021-014   | Eyri           | Lending         | Engin hættu  | 381021 | 616764 | 90m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-008 | ST-021-003   | Eyri           | Nátthagi        | Engin hættu  | 380655 | 616508 |                   | Horfið   |
| 1904-009 | ST-021-006   | Eyri           | Rúst            | Mikil hættu  | 380902 | 616332 | 4m                | Merkja. Girða af. Hnika vegi                     |
| 1904-010 |              | Eyri           | Hleðsla/grunnur | Lítill hættu | 380346 | 616284 | 22 m              | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-011 | ST-022-002   | Ingólfssjörður | Rúst            | Mikil hættu  | 379413 | 615693 | 2m                | Girða af eða færa veg frá rúst                   |
| 1904-012 | ST-022-016   | Ingólfssjörður | Mógrafir        | Engin hættu  | 379460 | 615664 | 52m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-013 | ST-022-019   | Ingólfssjörður | Rúst            | Lítill hættu | 379326 | 615650 | 33m               | Merkja   |
| 1904-014 | ST-022-001   | Ingólfssjörður | Bæjarhóll       | Lítill hættu | 378795 | 616116 | 10m               | Merkja   |
| 1904-015 | ST-022-014   | Ingólfssjörður | Fjárhús         | Engin hættu  | 378879 | 616070 | 51m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-016 | ST-022-015   | Ingólfssjörður | Kálgarður       | Engin hættu  | 378894 | 616210 | 2 m               | Horfið   |
| 1904-017 | ST-022-005   | Ingólfssjörður | Naust           | Mikil hættu  | 378925 | 616254 | 2m                | Alveg við veg. Girða af.                         |
| 1904-018 | ST-022-010   | Ingólfssjörður | Lending         | Lítill hættu | 378948 | 616251 | 14m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-019 | ST-022-020   | Ingólfssjörður | Garðlag         | Lítill hættu | 378890 | 616263 | 15m               | Merkja enda túngarðs                             |
| 1904-020 | ST-022-011   | Ingólfssjörður | Gata            | Lítill hættu | 379157 | 616522 | 10 m              | Merkja   |
| 1904-021 | ST-022-017   | Ingólfssjörður | Rúst            | Mikil hættu  | 379157 | 616522 | 8 m               | Merkja   |
| 1904-022 | ST-023-021   | Seljanes       | Hleðsla         | Engin hættu  | 380859 | 619169 | 36m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-023 |              | Seljanes       | Grunnur         | Engin hættu  | 380876 | 619169 | 12m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |
| 1904-024 | ST-023-009   | Seljanes       | Álagablettur    | Engin hættu  | 380897 | 619208 | 14m               | Engar mótvægisáðgerðir nauðsynlegar              |

## Innmæling á fornleifum vegna vegbóta frá Norðurfirði að Hvalá

MHH


NV nr. 33-17

|          |            |               |                |              |        |        |      |  |
|----------|------------|---------------|----------------|--------------|--------|--------|------|--|
| 1904-025 | ST-023-026 | Seljanes      | Rúst           | Mikil hætta  | 380480 | 619510 | 8m   | Merkja                                       |
| 1904-026 | ST-023-026 | Seljanes      | Rúst           | Mikil hætta  | 380799 | 619603 | 16m  | Merkja                                       |
| 1904-027 | ST-023-023 | Seljanes      | Rúst           | Mikil hætta  | 380799 | 619603 | 3 m  | Fer undir vegfláa.Girða og færa veg          |
|          |            |               |                |              |        |        |      |  |
| 1904-028 | ST-023-018 | Seljanes      | Rúst           | Mikil hætta  | 380734 | 619715 | 5 m  | Girða. Er mjög nálægt fláa                   |
| 1904-029 | ST-023-008 | Seljanes      | Þúst           | Mikil hætta  | 380681 | 619792 | 16 m | Merkja                                       |
| 1904-030 | ST-023-020 | Seljanes      | Rúst           | Mikil hætta  | 380319 | 620554 | 3 m  | Girða. Merkja.Fer undir Fláa. Hnika til vegi |
| 1904-031 | ST-023-022 | Seljanes      | Hleðsla        | Engin hætta  | 380347 | 620589 | 39 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-032 | ST-023-007 | Seljanes      | Heimild/dys    | Lítill hætta | 380279 | 620611 | 10 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-033 | ST-023-006 | Seljanes      | Stekkur        | Engin hætta  | 379879 | 621080 | 41 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-034 | ST-023-002 | Seljanes      | Varða/heimild  | Engin hætta  | 379229 | 620866 | 82 m | Horfið                                       |
| 1904-035 | ST-023-004 | Seljanes      | Hleðsla        | Engin hætta  | 378710 | 620279 | 93 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-036 | ST-024-005 | Ófeigsfjörður | Rúst           | Lítill hætta | 378194 | 619762 | 50 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-037 | ST-024-011 | Ófeigsfjörður | Rústabunga     | Mikil hætta  | 377986 | 619553 | 10 m | Girða. Merkja                                |
| 1904-038 | ST-024-010 | Ófeigsfjörður | Bæjarhóll      | Mikil hætta  | 377839 | 619568 | 5m   | Girða. Merkja                                |
| 1904-039 | ST-024-056 | Ófeigsfjörður | Hleðsla        | Mikil hætta  | 377564 | 616597 | 5 m  | Merkja                                       |
| 1904-040 | ST-024-025 | Ófeigsfjörður | Íshús          | hætta        | 377579 | 619539 | 87 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-041 | ST-024-060 | Ófeigsfjörður | Heytóft        | Mikil hætta  | 377535 | 619568 | 34 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-042 | ST-024-022 | Ófeigsfjörður | Fjárhús        | Mikil hætta  | 377519 | 619623 | 12 m | Merkja                                       |
| 1904-043 | ST-024-055 | Ófeigsfjörður | Bæjarhóll      | Mikil hætta  | 377462 | 619575 | 0 m  | Skurðir. Vegur fer yfir bæjarhól             |
| 1904-044 | ST-024-057 | Ófeigsfjörður | Garðlag        | Engin hætta  | 377570 | 619559 | 39 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-045 | ST-024-021 | Ófeigsfjörður | Nátthagi       | Hætta        | 377570 | 619650 | 2 m  | Merkja.                                      |
| 1904-046 | ST-024-058 | Ófeigsfjörður | Heimild/bænhús | Engin hætta  | 377489 | 619675 | 92 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-047 | ST-024-001 | Ófeigsfjörður | Bæjarhóll      | Engin hætta  | 377455 | 619693 | 70 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-048 | ST-024-016 | Ófeigsfjörður | Rúst/hesthús   | Lítill hætta | 377338 | 619670 | 46 m | Engar mótvægisaðgerðir nauðsynlegar          |
| 1904-049 | ST-024-084 | Ófeigsfjörður | Garðlag        | Mikil hætta  | 377465 | 619541 | 0 m  | þarf leyfi til að rjúfa fyrir vegi           |










## Eyri

Á kortinu eru þrjár línur.  
Miðlína er vegur og  
hinar eru 100 metrar frá  
miðlínu vegar.





## Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1940. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Birna Lárusdóttir, Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson. *Fornleifaskráning í Árneshreppi I: Fornleifar frá Gjögri til Ingólfsfjarðar*. Fornleifastofnun Íslands FS221-02052 Reykjavík 2003

Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. *Fornleifaskráning í Árneshreppi II: Fornleifar frá Kolbeinsvík til Kjörvogs og frá Seljanesi til Skjaldarbjarnarvíkur*. Fornleifastofnun Íslands. FS260-02053 Reykjavík. 2005.

### Óútgefnar heimildir

Örnefnaskrá Ófeigsfjarðar

Túnakort

---